



HRUNAMANNAHREPPUR

1. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 6. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FÖSTUDAGINN 25. JÚNÍ 2010
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 25. júní kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til síns fyrsta fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Unnsteinn Logi Eggertsson og Ragnar Magnússon. Ragnar Magnússon setti fund, sem sá hreppsnefndarmaður sem hafði lengsta setu kjörinna fulltrúa og bauð nýkjörna sveitarstjórnarmenn velkomna til starfa og óskaði þeim velfarnaðar í starfi. Einnig lagði hann til að Unnsteinn Logi Eggertsson ritaði fundargerð. Óskaði hann eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Dagskrá:

1. Kjör oddvita og varaoddvita.
2. Ráðning sveitarstjóra.
3. Tillaga að breytingum á nefndarskipan.
4. Samþykktir um stjórn og fundarsköp.
5. Skipan í nefndir og ráð.
6. Bréf frá fulltrúum Á-lista.
7. Fundargerðir skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita Árnessýslu og Flóa.

Gengið til dagskrár:

1. **Kjör oddvita og varaoddvita.** Lögð var fram tillaga um Ragnar Magnússon sem oddvita sveitarstjórnar til eins árs. Tillagan var samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá. Einnig var lögð fram tillaga um Halldóru Hjörleifsdóttur sem varaoddvita til eins árs. Tillagan var samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá.
2. **Ráðning sveitarstjóra.** Oddviti lagði fram tillögu að ráðningu Jóns G. Valgeirssonar sem sveitarstjóra. Ráðningin var samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn felur oddvita að ganga frá ráðningarsamningi sem lagður verður fyrir næsta fund hreppsnefndar.
3. **Tillaga að breytingum á nefndarskipan.** Lögð var fram tillaga um breytingu á nefndarskipan. Helstu breytingar koma fram í 4. dagskrárlið um stjórn og fundarsköp.
4. **Samþykktir um stjórn og fundarsköp.** Oddviti lagði fram samþykktir um stjórn og fundarsköp Hrunamannahrepps. Helstu breytingar eru: 1) Ferða-, menningar- og æskulýðsnefnd verði Ferða- og menningarnefnd, kjörin þremur fulltrúum. 2) Umhverfis- og samgöngunefnd verði Umhverfisnefnd, kjörin þremur fulltrúum. 3) Samgöngumál falli beint undir sveitarstjórn. 4) Æskulýðsmál falli undir Fræðslunefnd. 5) Fastir fundir hreppsnefndar verði fyrsta fimmtudag í mánuði klukkan 14.00.

Samþykktir verða teknar til lokaumfjöllunar á næsta fundi hreppsnefndar með áorðnum breytingum.

5. **Skipan í nefndir og ráð.** Oddviti lagði fram lista um skipan í nefndir og ráð. Tillagan er unnin í samvinnu H lista og Á lista.

Tillaga um skipan í nefndir og ráð Hrunamannahrepps:

Skipulags- og byggingarnefnd Uppsveita Árnessýslu og Flóa:
Ragnar Magnússon, aðalmaður. Til vara Halldóra Hjörleifsdóttir.

Félagsmálanefnd: Séra Eiríkur Jóhannsson. Varamaður: Bjarney Vignisdóttir.

Fræðslunefnd: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson og Gunnar Þór Jóhannesson.

Varamenn: Bozena Jozefik, Guðmann Unnsteinsson og Bjarney Vignisdóttir.

Veitustjórn: Þorleifur Jóhannesson, formaður, Axel Thorsteinsson, Páll Jóhannsson, Þröstur Jónsson og Esther Guðjónsdóttir.

Varamenn: Sigurður Sigurjónsson, Magnús Víðir Guðmundsson og Grímur Guðmundsson.

Umhverfisnefnd: Hörður Úlfarsson, formaður, Evelyn Bryner og Gunnar Þór Jóhannesson.

Varamenn: Vigdís Furuseð, Unnsteinn Logi Eggertsson og Þröstur Jónsson.

Ferða- og menningarnefnd: Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður, Margrét Runólfsdóttir og Bjarney Vignisdóttir.

Varamenn: Vigdís Furuseð, Evelyn Bryner og Fríður Sæmundsdóttir.

Landbúnaðarnefnd: Esther Guðjónsdóttir, formaður, Bjarni Valur Guðmundsson og Jón Víðar Finnsson.

Varamenn: Þorsteinn Loftsson, Gunnar Eiríksson og Íris Brynja Georgsdóttir.

Almannavarnarnefnd: Sveitarstjóri. Varamaður: Ragnar Magnússon.

Héraðsnefnd Árnesinga: Ragnar Magnússon. Varamaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga: Ragnar Magnússon.

Varamaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Kjori í aðrar nefndir frestað til næsta fundar.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða ofangreindar tillögur um aðal- og varamenn í nefndir og ráð sveitarfélagsins.

6. **Bréf frá fulltrúum Á-lista.** Framlagt bréf frá fulltrúum Á-lista. Bréfið hljóðar svo: „Hrunamannahreppur, 23. júní 2010. Útlit Heimalands er ekki nógu gott og brýnt er að yfirfara húsin að utan, lagfæra timburklæðningu og mála til að koma í veg fyrir skemmdir. Þær öldruðu sómakonur sem þar búa hafa lagt sig fram um að hafa snyrtilegt í kringum sig og útlit húsanna er þeim ofarlega í huga. Mikilvægt er að sinna nauðsynlegu viðhaldi þar til leyst hefur verið úr

húsnæðismálum aldraðra íbúa sveitarfélagsins til frambúðar. Þök leiguíbúðanna við Vesturbrún líta illa út og er nauðsynlegt að mála þau sem allra fyrst. Heitur pottur við Heimaland er bilaður en lagfæring tæki stutta stund og kostar óverulega upphæð.

Í lögum um virðisaukaskatt nr. 50 frá 1988 kemur fram að á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011 skal endurgreiða 100% vsk sem greiddur er af vinnu við endurbætur eða vegna viðhalds húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana eða félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga (sbr. 1. og 3. mgr. XV gr. í lokakafli laganna sem ber heitið Ákvæði til bráðabirgða). Því er ljóst að umtalsverð upphæð fæst endurgreidd með því að framkvæma nauðsynlegar úrbætur innan þess tímaramma sem tilgreindur er hér að ofan.

Með hliðsjón af ofansögðu er ljóst að verulegar fjárhæðir sparast við að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir strax í sumar auk þess sem vellíðan og ánægja íbúanna mun stóraukast.

Það er því tillaga okkar að farið verði í þessar lagfæringar nú þegar. Gunnar Þór Jóhannesson og Esther Guðjónsdóttir.

Meirihlutinn getur tekið undir margt af því sem stendur í bréfinu og mætti hafa upptalninguna mun lengri. Meirihlutinn vill taka fram að viðhald umrædds húsnæðis hefur síst verið minna en á öðrum eignum sveitarfélagsins. Starfsmenn áhaldahúss og húsverðir í samráði við sveitarstjóra hafa unnið að framkvæmaáætlun sem unnið verður eftir í sumar.

- 7. Fundargerðir skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita Árnassýslu og Flóa.** Lögð fram fundargerð 25. fundar, dags. 25.06.2010 ásamt fundargerðum afgreiðslufunda byggingarfulltrúa, nr. 45, 46 og 47. Mál vegna stöðuleyfis fyrir tvo gáma í Gröf, Holtabyggð 108 bygging sumarhúss, bygging íbúðarhúss í Hvammi 2a, stöðuleyfi fyrir vinnuskúr á Grafarbakka 2, Holtabyggð 219 stækkun á sumarhúsi, leyfisumsókn vegna þróa fyrir lífrænan áburð í Birtingaholti IV, uppbygging Hrunaréttu, flutningur á íbúðarhúsi frá Suðurbrún 8 yfir á Suðurbrún 3, íbúðarhúsaloð að Efra-Seli, deiliskipulag á Suðurbrún, deiliskipulag í landi Grafar vegna frístundahúsabyggðar. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.30